

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2018

2019/EES/98/09

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/426 frá 9. mars 2016 um tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti og niðurfellingu á tilskipun 2009/142/EB ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2016/426 fellir úr gildi frá og með 21. apríl 2018, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/142/EB ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 21. apríl 2018.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á V. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 3. lið (tilskipun ráðsins 92/42/EBE):

„4. **32016 R 0426:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/426 frá 9. mars 2016 um tæki sem brenna loftkenndu eldsneyti og niðurfellingu á tilskipun 2009/142/EB (Stjóttð ESB L 81, 31.3.2016, bls. 99).“

2. Texti 2. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/142/EB) fellur brott frá og með 21. apríl 2018.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/426, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjóttð. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 99.

⁽²⁾ Stjóttð. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 10.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.